

## Meðferð umbúða í matvælafyrirtækjum

### Inngangur

Í reglugerð nr. 103/2010 um hollustuhætti eru settar fram lágmarkskröfur varðandi hollustuhætti sem taldir eru nauðsynlegir til að tryggja öryggi matvæla. Kröfur þessar leggja grunninn að góðum starfsháttum. Það er ávallt á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að sjá til þess að kröfur reglugerða séu uppfylltar.

Meðferð umbúða fellur undir góða starfshætti. Í II viðauka, X. Kafli í fylgiskjali 1 við reglugerð nr. 135/2010, eru eftirfarandi ákvæði um þökkun matvæla í innri og ytri umbúðir.

1. Efni sem er notað í innri og ytri umbúðir matvæla skal ekki valda mengun
2. Efni í innri umbúðir skal geymt þannig að ekki sé hætt á að það mengist.
3. Þökkun matvæla í innri og ytri umbúðir skal fara þannig fram að vörurnar mengist ekki. Ef við á og þó einkum þegar um er að ræða dósir og glerkrukkur skal ganga úr skugga um að ílátin séu heil og hrein.
4. Auðvelt skal vera að þrifa og ef nauðsyn krefur sótthreinsa innri og ytri umbúðir ef þær eru endurnýttar fyrir matvæli.

Komið hefur í ljós í eftirliti í matvælafyrirtækjum að meðferð umbúða og umgengni í umbúðageymslum er víða ábótavant og því var talin þörf á leiðbeiningum um meðferð umbúða. Eftirlitsaðilar munu síðan fylgja málinu eftir.

### Efni og hlutir í snertingu við matvæli

Matvælafyrirtækið er ábyrgt fyrir því að efnið sem notað er í innri umbúðir matvæla uppfylli þær kröfur sem settar eru fram í reglugerðum um efni og hluti sem komast í snertingu við matvæli. Skal það geta sýnt eftirlitsaðila að svo sé með því að framvísa glas og gaffal merkinu á umbúðunum eða með yfirlýsingu frá framleiðanda umbúðanna að þær séu ætlaðar fyrir matvæli. .

### Innri umbúðir

- Innri umbúðir skal ávallt geyma þannig að tryggt sé að þær óhreinast ekki. Umbúðirnar komast í snertingu við matvælin og því skal meðhöndla þær eins og matvæli.
- Sýna skal fram á að ekki sé þörf á að skola dósir og krukkur fyrir áfyllingu sé skolun ekki hluti af framleiðsluferlinu.
- Umbúðir skulu fjarlægðar úr vinnslusal í lok vinnudags og þær settar í umbúðageymslu. Verja skal umbúðirnar þannig að komið sé í veg fyrir að ryk og önnur óhreinindi safnist fyrir. Þetta er hægt að gera með því að loka kössum vel, vefja plasti utan um umbúðir eða setja plasthettu á brettin.
- Umbúðageymsla skal vera hrein og ekki skal geyma í henni óskylda hluti eins og ljósaperur, trébretti og verkfæri. Umbúðir skulu ekki vera í snertingu við gólf og vegg.
- Við þrif og spúln á búnaði og gólfi í dagsins önn skal gæta þess að umbúðir séu ekki í vinnslusal þannig að þær verði fyrir mengun.

## Ytri umbúðir

- Ytri umbúðir eiga ekki að fara inn í rými þar sem verið er að meðhöndla óvarin matvæli. Umbúðunum geta fylgt óhreinindi sem geta mengað matvælin.
- Ef þökkun í ytri umbúðir fer fram í sama rými og verið er að pakka í innri umbúðir, skal meðferð ytri umbúða vera í samræmi við það. Ekki má taka flutningsumbúðir af umbúðum í vinnslurými og kassarnir verða að vera lausir við ryk og önnur óhreinindi.
- Ytri umbúðir skal geyma varðar.

## Trébretti

Trébretti eiga ekki að fara inn á athafnasvæði þar sem unnið er með óvarin matvæli. Þökkun í ytri umbúðir, stöflun á bretti og plöstun á því að fara fram í sérrými sem er aðskilið frá svæðum þar sem unnið er með óvarin matvæli.

## Margnota umbúðir

- Umbúðir sem eru endurnýttar fyrir matvæli s.s. plastkassar og kör skuli þrífarnar áður en þær eru teknar aftur inn í matvælafyrirtækið
- Ef plastkassar og kör eru geymd utandyra, skulu ílátin þrífarnar áður en þau eru tekin inn í fyrirtækið.
- Plastkassar sem eru ætlaðir undir matvæli má ekki nota í annað.
- Plastkassar eiga ekki að standa beint á gólfi
- Margnota kassar og kör sem eru notuð undir úrgang og aukaafurðir dýra flokkur 1,2.og 3 skv. reglugerð EB/1774/2002 skulu merkt sem slík og ekki notuð undir annað.